

## Ný textasýn


### Síur og birting upplýsinga

#### Saga 2017.2.1, 2017.2.2 og 2017.2.4


- Fyrirsagnir í textasýn innihalda nú upplýsingar um undirritaðan starfsmann og stofnun.

18.07.2017 **Beiðni um lyfjaendurnýjun**  
Guðleif Harðardóttir, Prófari. Heilsugæsla Gullu


- Lyfseðlar birtast nú sjálfgefið samanfelldir í textasýn. Upplýsingar um innihald lyfseðilsins birtist í fyrirsögn.
- Búið er að fjarlægja kaflann „Persónuupplýsingar“ úr textasýn.
- Nú er hægt að vista síur og haldast þær inni þegar smellt er á „Sækja meira“ og „Sækja allt“. Einnig haldast síurnar þegar skipt er um kerfissjúkling. Til þess að hreinsa út síu er áfram smellt á pensilinn. Síutréd helst einnig opið þegar skipt er um sjúkling.
- Nú er hægt að stofna nýja síu fyrir textasýnina og vista hana og virkja.**
  - Notandi smellir á síutáknið og smellir því næst á blýantstáknið í horninu uppi hægra megin.




- Notandi smellir á græna hnappinn með hvíta plúsnum til þess að stofna nýja síu.




- Eftirfarandi gluggi opnast í efstu sýn „Sía“. Notandi gefur síunni nafn, lýsingu, getur valið um að vista síu í möppu, getur valið um að velja deild sem sía er sýnileg á, getur valið hvort sía sé sýnileg fyrir hann sjálfan eða alla og loks getur hann valið hvort að sían sé virk eða óvirk. Til þess að velja möppu þarf notandi fyrst að skrifa nafn möppunnar í reitinn og er hann þannig búinn að búa til möppu. Eftir það verður sú mappa í boði í fellivalmyndinni.



- Notandi smellir á hnapp tvö „Tímabil“ og þar getur hann skilgreint tímabil sem sían sækir gögnin frá. Hann getur valið um eftirfarandi.




- Þriðji hnappurinn „Gögn“ – notandi velur þar hvaðan gögnin koma, getur skrifað frjálsan texta til að sía eftir, hvaða stofnun gögnin koma frá, hvaða deildir gögnin koma frá, hvaða starfsstéttir skráðu og hvaða starfsmenn skráðu.



The screenshot shows the 'Gögn' (Data) filter menu. On the left is a sidebar with navigation icons: 'Sía', 'Tímabil', 'Gögn' (highlighted), and 'Samantekt'. The main area contains a form with the following fields:

- Uppruni gagna: Áutt = öll gögn
- Frjáls texti: Frjáls texti til að sía eftir
- Stofnanir: Áutt = allar stofnanir
- Deildir: Áutt = allar deildir
- Starfsstéttir: Áutt = allar starfsstéttir
- Starfsmenn: Áutt = allir notendur


- Fjórði hnappurinn er „Tegund eyðublaða“ og getur notandinn þar annað hvort hakað í „Velja allt“ eða hakað í einstök eyðublöð sem hann er að sía eftir.



The screenshot shows the 'Tegund eyðublaða' (Type of form) selection menu. On the left is a sidebar with navigation icons: 'Sía', 'Tímabil', 'Gögn', 'Tegund eyðublaða' (highlighted), and 'Samantekt'. The main area contains a list of checkboxes for selecting form types:

- (Velja allt)
- (all) Samskiptaseðill
- (er) Bráðsjúkraskrá - Slysadeild
- (er) Bráðsjúkraskrá - Slysadeild, enska
- (er) Bréf og greinargerðir
- (er) Dagnóta næringarráðgjafa
- (er) Endurkoma/reglubundið mat v/sykursýki
- (er) Endurkomublað
- (er) Fyrsta koma v/ sykursýki
- (er) Læknafrétt v/sykursýki
- (er) Meðferðarseðill hjúkrunar - Göngudeild
- (er) Neyðarbill lækna
- (er) Símaráðgjöf, byrjuvakt - Gjörgæsludeild
- (er) Slysadeildarbréf - enskt
- (er) Slysadeildarbréf - Slysadeild
- (er) Byrjuvakt lækna
- (he) Sjúkraskrá
- (he) Skráning vistunarupplýsinga
- (he) Útskriftarnóta
- (hsu) Beiðni um blóðrannsókn
- (HTÍ) Beiðni um tæki
- (HTÍ) Heyrnarfræðingur
- (HTÍ) Heyrnarfræðingur


- Fimmti hnappurinn sýnir notandanum samantekt á þeim gögnum sem hann hefur valið að sía úr.




The screenshot shows the 'Samantekt' (Summary) view. On the left is a sidebar with navigation icons: 'Sía', 'Tímabil', 'Gögn', 'Tegund eyðublaða', and 'Samantekt' (highlighted). The main area contains a summary of the selected record:

- Sía:** Læknir og lyf (Geðlyf sem læknar ávísa)- einungis aðgengileg mér
- Tímabil:** 21.07 2014 til 21.07 2017
- Frjáls síutexti:** 'Geðlyf'
- Uppruni gagna:** Eyðublað
- Stofnanir:** Saga\_skema - TMS
- Deildir:** Almennar lyflækningar(T)
- Starfsstéttir:** Læknir
- Starfsmenn:** Allir starfsmenn
- Tegund eyðublaða:** Lyfseðill


- Loks smellir notandinn á Vista og þá sést að notandinn er kominn með eina síu. Notandinn getur búið til margar síur, fer eftir hentugleika. Þegar hann er kominn með margar síur þá getur hann valið að sía listann sinn. Hann getur einnig valið einstakar síur með því að velja línu úr listanum og smella svo á blýantstáknið til þess að breyta síu. Einnig getur notandinn valið að eyða út síu með því að velja línu í listanum og smella svo á ruslatunnuna. Notandinn smellir á „Loka“ til þess að loka þessum glugga.



- Í **útgáfu 2017.2.4 og 2017.3** getur notandi valið að vista sjálfgefna síu sem er notuð þegar Ný textasýn er opnuð. Í **útgáfu 2017.2.4** er Vista hnappur hægra megin við blýantstáknið sem gefur notandanum möguleika á að vista síu sem sjálfgefna.




Notandi velur síu í fellivalmyndinni og smellir því næst á Vista hnappinn til þess að gera hana sjálfgefna.



Í **útgáfu 2017.3** hefur útlitinu á þessu verið breytt og virkninni. Notandi getur valið sér sjálfgefna síu sem er notuð þegar Ný textasýn er opnuð og helst sían þótt

skipt sé um kerfissjúkling eða þegar notandi fer út úr Sögu og inn aftur. Notandi getur velur sér sjálfgefna síu með því að velja fyrst síu í fellivalmyndinni vinstramegin við blýantstáknið, því næst smellir hann á örina hægra megin við litlu síuna og velur sér sjálfgefna síu. Í þessum glugga getur hann einnig valið að hreinsa virka síu og við það hreinsast allar síur út eða hreinsa val á sjálfgefni síu. Þegar notandi hreinsar val á sjálfgefni síu þá hreinsast sú síu út og notandi getur valið aðra síu í staðinn sem sjálfgefna.



Með kveðju,

TMS - Heilbrigðislausnir